

Arnarlax hf.  
Strandgötu 1  
465 Bíldudalur

Reykjavík, 28. september 2020  
UST202001-415/H.S.J.  
08.12.02

**Efni: Samþykkt úrbótaáætlun**

Umhverfisstofnun vísar í bréf sitt frá 8. september sl. þar sem stofnunin óskaði eftir tímasettri úrbótaáætlun vegna fráviks sem skráð var í eftirliti í Arnarlax, Arnarfirði þann 29. júní sl. Þann 17. september sl. barst úrbótaáætlun rekstraraðila.

**Frávikið er eftifarandi:**

- Gr. 4.2 í starfsleyfi. Vöktunarmælingar skulu vera gerðar í samræmi við áætlun sem rekstraraðili leggur fram. Vöktunaráætlun kveður á um sjósýnatöku við vöktun við hámarkslífmassa en ekki voru tekin sjósýni við sýnatöku Hringsdal 2019. Skv. úrbótaáætlun rekstraraðila hefur verið ítrekað við sýnatökuaðila að sjósýni verði tekin þegar botnsýnatökur við hámarkslífmassa verði framkvæmdar. Sjósýni hafi verið tekin á eldissvæði rekstraraðila í Patreksfirði í apríl sl. og verði tekin á Tjaldanesi og í Tálknafirði nú í september og október þegar botnsýnatökur fari fram við hámarkslífmassa eldissvæðanna.

**Umhverfisstofnun fellst á úrbótaáætlun rekstraraðila en úrbætur vegna frávikanna verða teknað út í næsta eftirliti.**


Gangi áætlun um úrbætur ekki eftir mun Umhverfisstofnun halda áfram með eftirfylgni þaðan sem frá var horfið.

Umhverfisstofnun bendir á að bréf þetta verður birt á heimasíðu stofnunarinnar.

Virðingarfyllst

Hulda S. Jónasd.

Hulda Soffía Jónasdóttir  
sérfræðingur



Helga Rut Arnarsdóttir  
lögfræðingur

**Afrit:** Heilbrigðisnefnd Vestjarða